

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 42/2012****2012/EES/43/09****frá 30. mars 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/58/EB frá 13. júlí 2009 um tengibúnað og bakkgir dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/59/EB frá 13. júlí 2009 um baksýnispegla á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/60/EB frá 13. júlí 2009 um hámarkshönnunarhraða og hleðslupalla fyrir dráttarvélar á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/61/EB frá 13. júlí 2009 að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/68/EB frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir ljósa- og ljósmerkjabúnað á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/62/ESB frá 8. september 2010 um breytingu á tilskipunum ráðsins 80/720/EBE og 86/297/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB, 2009/60/EB og 2009/144/EB varðandi gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði þeirra <sup>(7)</sup>.
- 8) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/58/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 79/533/EBE <sup>(8)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 9) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/59/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 74/346/EBE <sup>(9)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 10) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/60/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 74/152/EBE <sup>(10)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 11) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/61/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 78/933/EBE <sup>(11)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 12) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/68/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 79/532/EBE <sup>(12)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 15.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 19.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 52.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. ESB L 238, 9.9.2010, bls. 7.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. EB L 145, 13.6.1979, bls. 20.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. EB L 191, 15.7.1974, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjútíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 33.

<sup>(11)</sup> Stjútíð. EB L 325, 20.11.1978, bls. 16.

<sup>(12)</sup> Stjútíð. EB L 145, 13.6.1979, bls. 16.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði II. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 74/152/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 74/346/EBE), 14. liðar (tilskipun ráðsins 78/933/EBE), 15. liðar (tilskipun ráðsins 79/532/EBE) og 16. liðar (tilskipun ráðsins 79/533/EBE) falli brott.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 80/720/EBE), 19. lið (tilskipun ráðsins 86/297/EBE) og 28. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB):  
„– **32010 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/62/ESB frá 8. september 2010 (Stjtið. ESB L 238, 9.9.2010, bls. 7).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 23. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB):  
„– **32010 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/62/ESB frá 8. september 2010 (Stjtið. ESB L 238, 9.9.2010, bls. 7).
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 34. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/76/EB):  
„35. **32009 L 0058**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/58/EB frá 13. júlí 2009 um tengibúnað og bakkgir dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 4).  
36. **32009 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/59/EB frá 13. júlí 2009 um baksýnispegla á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 9).  
37. **32009 L 0060**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/60/EB frá 13. júlí 2009 um hámarks-hönnunarhraða og hleðslupalla fyrir dráttarvélar á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 15), eins og henni var breytt með:  
– **32010 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/62/ESB frá 8. september 2010 (Stjtið. ESB L 238, 9.9.2010, bls. 7).  
38. **32009 L 0061**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/61/EB frá 13. júlí 2009 að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 19).  
39. **32009 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/68/EB frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir ljósa- og ljósmerkjabúnað á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 52).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/58/EB, 2009/59/EB, 2009/60/EB, 2009/61/EB, 2009/68/EB og 2010/62/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.